

115

5. des.

9. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal í lok hvers árs senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín og lýsismatsmanna. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um lifrarmagnið, sem notað hefir verið í hverju lögsagnarumdæmi, til framleiðslu meðalalýsis, og um magn lýsisins, sem framleitt var. Einnig skal tekið fram hve mikið lýsi og hverjar tegundir hafi verið fluttar út frá hverjum útflutningsstað.

10. gr.

Heimilt er yfirlýsismatsmanni að setja mann fyrir sig í starf sitt sem yfirlýsismatsmaður, um stundarsakir, að fengnu samþykki stjórnarráðsins. Þó ber yfirlýsismatsmaður fulla ábyrgð á gerðum staðgengilsins.

11. gr.

Yfirlýsismatsmaður gefur vottorð þau, sem hann undirritar sem yfirlýsismatsmaður, án endurgjalds.

12. gr.

Yfirlýsismatsmaður skal áður en hann tekur til starfa, rita undir drengskaparheit um, að hann vilji hlíta reglum þessum, og með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem hvíla á honum í stöðu sinni.

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á reglum þessum.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 42, 19. júní 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis til þess að öðlast gildi 1. janúar 1934.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

116

6. des.

SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt og forleigurétt Seyðisfjarðarkaupstaðar
á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum fasteignum í kaupstaðnum:

1. Fasteign við Hafnargötu nr. 53, svonefndri „Pöntun“. 116
2. Fasteignum við Hafnargötu nr. 46, nr. 48, nr. 43, nr. 49 og nr. 51, svo- 6. des.
nefndar „Wathnes“-eignir.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. þ. m. og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. desember 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

117
7. des.

kirkjumálaráðuneytisins á reglum um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum og um eftirlit með þeim.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 63, frá 1931, um hýsing prestssetra, eru hér með settar eftirfarandi

REGLUR

um viðhald íbúðarhúsa á prestssetrum og um eftirlit með þeim.

1. gr.

Þegar íbúðarhús hefir verið reist á prestssetri með styrk af opinberu fé, þ. e. með framlagi svo sem lög nr. 63, 8. sept. 1931 um hýsingu prestssetra, mæla fyrir, og með embættisláni, skal fara fram nákvæm skoðunargerð á húsinu.

2. gr.

Skoðunargerð þessi skal framkvæmd af prófasti ásamt tveimur byggingafróðum mönnum, sem hann hefir til þess kjörið.

3. gr.

Kostnaður við skoðunargerð þessa greiðist af opinberu fé.

4. gr.

Að aflokinni skoðunargerð sendir prófastur biskupi nákvæma skýrslu um hana í tveim eintökum, en biskup sendir kirkjumálaráðuneytinu annað þeirra.